



Fjölbreytt nám í hagfræði

Hvað er hagfræði?

Hagfræði flokkast til félagsvísinda, en er þó oft sögð vera á mörkum þeirra og raunvísinda, enda er mikil áhersla á stærðfræði- og tölfræðilegar aðferðir. Hagfræðinámið leggur áherslu á greiningarhæfni og skilning á efnahagslífi, fjármálamörkuðum, viðskiptum og samfélagsmálum. Margir möguleikar bíða að lokinni útskrift – hvort sem nemendur ætla strax á vinnumarkað eða halda í framhaldsnám.

Af hverju að velja hagfræði?

Hagfræðingar eru eftirsóttir í atvinnulífinu, bæði vegna skilnings á efnahagslífinu sem og greiningarfærni. Þeir eru gjarnan í hlutverki sérfræðinga – sinna oft stefnumörkun og ráðgjöf fyrir stjórnvöld og opinberar stofnanir. Þeir eru í lykilhlutverki á fjármálamarkaði, og oftast en ekki í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum. Þeir starfa einnig á fjölmiðlum og víða annars staðar. Eftirspurn eftir hagfræðingum hefur verið vaxandi hin síðari á áhrindis. Nám í hagfræði við Háskóla Íslands hefur í árána rás sannað sig sem afar góður undirbúningur fyrir hvort tveggja vinnumarkað og framhaldsnám.

Inntökuskilyrði

Nemendur, sem hyggjast hefja grunnnám í hagfræði, þurfa að hafa lokið stúdentsprófi úr framhaldsskóla (eða sambærilegu prófi). Nemendum, sem hyggja á nám í hagfræði, er bent á, að hagfræði er kröfuhörð vísindagrein og kennslan miðast við að nemendur hafi góðan undirbúning úr framhaldsskólum.

Námsleiðir í boði

Nemendur sem hafa áhuga á að læra hagfræði geta valið um mismunandi námsleiðir. Þannig er hægt að velja milli BS náms og BA náms í hagfræði. Báðar námsleiðir byggja á 180 eininga námi, en BA námsleiðin gerir ráð fyrir 120 eininga námi í hagfræði ásamt 60 eininga aukánámsgrein sem nemendur læra samhliða hagfræðinni.

Námsleiðin BS í hagfræði býður síðan upp á fjögur kjörsvið:

- BS í almennri hagfræði, með megin áherslu á hagfræði og stærðfræðilega hagfræði
- BS í fjármálhagfræði, með áherslu á fjármál og fjármálamarkaði
- BS í hagfræði og stjórnmálum, með áherslu á stjórnmálhagfræði
- BS í viðskiptahagfræði, með áherslu á kjarna viðskiptafræðigreina

Þá er nemendum sem fremur kjósa að ljúka námsgráðu í annarri fræðigreinin gefinn kostur á að taka hagfræði sem aukagrein. Hagfræði aukagreinin er 60 eininga nám og er jafnan tekin samhliða námi aðalgreinar.

Fjölbreytt framboð af námi í hagfræði

BS í almennri hagfræði

Markmið BS náms í almennri hagfræði er að opna heim þeirra fræða fyrir nemendum, hvað varðar kenningar, hagræna greiningu og hagræna hugsun. Í því felst að kenna þeim kjarna greinarinnar, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði, svo að þeir öðlist hlut í faginu og geti hugsað eins og hagfræðingar. Að þjálfa nemendur í stærðfræðilegri hagfræði og tölfræðilegum rannsóknaraðferðum, svo þeir geti nýtt sér meginlega greiningartækni. Að kynna fyrir þeim helstu kjarnagreinar viðskiptafræðinnar, s.s. fjármál og lestur ársreikninga. Og að gefa nemendum færi á að dýpka þekkingu sína, með því að velja valnámskeið í hinum ýmsu undirgreinum hagfræðinnar. Þá spreyta nemendur sig á sjálfstæðri greiningarvinnu með ritun fræðilegrar lokaritgerðar.

BS í fjármálahagfræði

Námið leggur áherslu á samspil hagfræði og fjármála á bæði hagnýtum og fræðilegum grunni. Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðinemar, en síðari hluti námsins er síðan helgaður fjármálum og fjármálamarkaði. Þá taka nemendur námskeið bæði í viðskiptafræðideild og hagfræðideild, með það að markmiði að þeir geti unnið að raunhæfum verkefnum í bæði hagfræði og fjármálum.

BS í viðskiptahagfræði

Námið sameinar kjarna hagfræði og viðskiptafræði greina í einni námsgráðu. Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðinemar en námsleiðin veitir þeim frelsi til þess að velja námskeið úr viðskiptafræðideild eftir áhugasviði. Þannig geta þeir að miklu leyti raðað saman sinni eigin námsgráðu. BS í viðskiptahagfræði hentar því vel þeim sem vilja stunda hagnýtt og fjölbreytt nám er nýtur viðurkenningar jafnt í atvinnulífinu sem og í háskólum innanlands sem utan.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/hagfraedi



BS í hagfræði og stjórnámálum

Námið leggur áherslu á þá undirgrein hagfræðinnar sem kallast almannavalsfræði (Public choice). Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðingar, en að auki er sérstök áhersla á opinbera stefnumörkun og samfélagslega velferð.

Kjörsviðið gefur nemendum einnig frelsi til þess að velja námskeið í Stjórnálafræðideild þar sem þau öðlast þekkingu og innsýn í íslensk stjórnámál, starfsemi stjórnálasamtaka, lýðræði og opinbera stjórnsýslu, auk samanburðarstjórnámála.

BA í hagfræði

BA námið veitir nemendum færi á að læra til nokkurrar hlítar viðbótarnámsgrein samhliða hagfræði og er því ætlað þeim sem vilja annað hvort afla sér almennari menntunar eða auka sérhæfingu sína á ákveðnu sviði með framtíðarnám eða starfsvettvang í huga. BA námið veitir góða undirstöðu fyrir atvinnulífið, en opnar jafnframt dyr að framhaldsnámi. Einn helsti kostur BA námsins er mikill sveigjanleiki, en þriðjung námsins má taka í öðrum deildum, s.s. fjölmiðlafræði, heimspeki, lögfræði, sagnfræði, eða stjórnálafræði svo nokkur dæmi séu tekin.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD